

V. 19. 3. 35

# Íslendingabygd á öðrum hnetti.

Nokkrum misskilningi mun hafa nætt það sem stendur í grein minni í Vísi 15. þ. m. „Framlífið og vísindin“, um bók Guðmundar Davíðssonar á Hraunum, enda hafði þar misprentast ræður um, f. ræðir um. En það sem eg vildi sagt hafa er þetta: Eg hygg að „Íslendingabygd á öðrum hnetti“ sé merkilegasta lýsingin á lífinu eftir dauðann, sem fram hefir komið í heimsbókmentunum, og ástæðan sú, að hún tekur öllum öðrum þesskonar lýsingum fram að sannleiksgildi. En líf það sem þar er lýst, er ekki stórfenglegt, heldur aðeins framlíf eins og það gerist á byrjunarstigum. Ef vér hefðum fréttir af þeim sem hefðu af aldalöngu framlífi að segja, þá mundi vera um stórkostlegri tíðindi að ræða.

19. mars.

Helgi Pjeturss.